



Samantekt vegna úthlutunar styrks til menningarmála haustið 2019

Á 148. fundi atvinnu- og menningarmála, dags. 22. október 2019, voru eftirtöld verkefni styrkt til menningarmála, auk þess dregin eru út helstu atriði úr lokaskýrslu hvers styrkþega.

1. Tónleikar Gissurar Páls og Árna Heiðars kr. 50.000,-

Tónleikar Gissurar Páls og Árna Heiðars haldnir í Hömrum að kvöldi 27. október 2019. Tónleikarnir voru hluti af Veturnóttum á Ísafirði árið 2019.

Tónleikarnir eru í tilefni af útgáfu geisladisksins Við nyrstu voga sem kom út í október 2019, sem inniheldur íslensk sönglög, m.a. nokkur eftir Sigvalda Kaldalóns.

2. Skóbúðin, Ritsmiðja í skapandi skrifum með Emmu Beynon og Jenny Valentine, kr. 250.000,-

Námskeiðið var haldið 20.-23. febrúar 2020. Ritsmiðjan var hýst í Hversdagssafninu í nýrri og bætti vinnuástöðu á efri hæðinni. Ritsmiðjan fór fram á fjórum dögum og var boðið upp á mat og snarl. Þátttakendur greiddu námskeiðsgjald og gistingu. Þátttakendur voru alls tíu. Á lokadeginum var haldið upplestrarkvöld í Hversdagssafninu, opið öllum.

Kennarar voru Emma Beynon og Jenny Valentine. Emma siglir um Norðurheimskautin í gömlum breskum seglbáti og skrifar m.a. um það. Hún hefur jafnframt reynslu í stjórnun námskeiða í skapandi skrifum. Jenny Valentine er barna- og unglingabókahöfundur sem hefur hlotið verðlaun fyrir skrif og gefið út tíu bækur í 19 löndum, auk þess að hafa stýrt námskeiðum erlendis í skapandi skrifum.

3. Halldóra Jónasdóttir, Leiksýning/Söngvaseiður, kr. 250.000,-

Þann 21. nóvember 2019 frumsýndi Leiklistarhópur Halldóru söngleikinn Söngvaseið með rúmlega 30 vestfirskum börnum í hlutverkum. Sýningarnar voru sex á fjórum dögum í félagsheimilinu í Bolungarvík, en æfingar fóru að mestu leyti fram í Barnaskólanum í Hnífsdal.

Halldóra Jónasdóttir sá um uppsetningu, leikstjórn og annað vinnuframlag, en foreldrar barnanna og aðstandendur aðstoðuðu á sýningum, enda var kostnaður barnanna við þátttökuna enginn. Börnin fengu upplifun og tækifæri til að koma fram fyrir um hundrað manns á hverri sýningu.

4. Marsibil G. Kristjánsdóttir, listasýning, kr. 100.000,-

Listasýning í Gallerý Grásteini. Verk tveggja Dýrfirskra listamanna, listahjónanna á Hófi.

Fjársfest var í lýsingu í Gallerý Grásteini og bætt við safnkostinn um 20 verkum. Rafrænt skráning verka hófst og er um hálfnuð, og verður birt jafnóðum á Facebook síðu Gallerý Grásteins. Opið var marga daga á tímabilinu og vel sótt.

5. Heimabyggð, Hljóðhús á veturnóttum 2019, kr. 130.000,-

Verkefnið gekk glimrandi vel og án nokkura trafala. Verkið var sýnt tvisvar sinnum, fjóra morgna í röð, útvarpsþættir sem valdir voru af kostgæfni í hvort sinn. Styrkurinn var nýttur þegar viðburðarröðin var sett upp á Veturnóttum árið 2019.

Auk hljóðverka voru á boðstólnum morgunverður sem áheyrendur gátu gætt sér á án endurgjalds. Þáttaka var góð og voru að meðaltali um 30 manns sem hlustuðu í hvert sinn. Leitast var við að spila efni sem tengist samfélaginu hér fyrir vestan beint - að fólk gæti tengt við höfunda eða efnistösk að einhverju leiti.

Lokaskýrsla barst frá öllum aðilum þar sem fram komu upplýsingar um framkvæmd verkefnisins, og teljast öllum verkefnum lokið með fullnægjandi hætti í samræmi við reglur Ísafjarðabæjar um úthlutun styrkja til menningarmála.